



# PÉSI

33. ÁRGANGUR | 385 TBL. DESEMBER 2023

**Athugið!**

Næsta Pésa verður dreift  
**17. janúar.** Efni þarf að  
berast fyrir **11. janúar.**



## Æskulýðsbikarinn til Hestamannafélagsins Jökuls



Hestamannafélagið Jökull hlaut á dögunum Æskulýðsbikar Lands sambands hestamanna en bikarinn er æðsta viðurkenning sem æskulýðsstarfi hestamannafélaga er veitt á Íslandi. Er þetta glæsilegur árangur sem má þakka fjölbreyttu og öflugtu starfi sem stjórn Æskulýðsnefndar félagsins hefur haldið afskaplega vel utan um. Á myndinni má sjá hluta af þeim börnum sem tekið hafa þátt í starfinu undanfarið með bikarinn góða. Er Hestamannafélaginu Jökli og öllum þeim sem tekið hafa þátt í metnaðarfullu æskulýðsstarfi félagsins óskað innilega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu.



Please note that on the website [fludir.is](https://fludir.is), you can translate everything, with one click, to English, Polish, and Romanian.



# Jólin nálgast!

Það var notalegt á aðventukvöldi Hrunakirkju. Ekki eingöngu skartaði kirkjan sínu fegursta, upplýst í vetrarmyrkrinu, heldur var dagskrá þessa kvölds bæði hátíðleg og skemmtileg.

Það er mikil gæfa fyrir hvert samfélag að njóta góðs kirkju-starfs og þar höfum við hér í Hrunamannahreppi dottið í lukkupottinn en kirkjurnar okkar og starfið sem þar fer fram er mikilvæg stoð menningarlífs í sveitarfélaginu. Hér höfum við reyndar verið svo lánsöm að fjölmargir duglegir einstaklingar eru tilbúnir til að gefa af dýrmætum tíma sínum til að við öll getum notið alls konar viðburða sem gera dagana skemmtilegri og lífið líflegra. Þess vegna vil ég endilega nota þetta tækifæri til að hvetja alla til að mæta á körfuboltaleikina, bingóin, tónleikana, sýningarnar og allt það skemmtilega sem er í boði. Því ef einhver gefur sér tíma til að skipuleggja svona lagað þá er nú það minnsta að við hin mætum á staðinn til að njóta.



Hluti af jólaundirbúningi sveitarstjórnarmanna og sveitarstjórans er að gera fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Hefur áætlunin þegar verið samþykkt við fyrri umræðu og sú síðari mun fara fram í byrjun desember. Áfram er gert ráð fyrir uppbyggingu og framhaldi ýmissa verkefna sem betur verður gerð grein fyrir síðar. En það er afar ánægjulegt að sjá hvernig hús rísa nú hvert af öðru við Birkihlíð og hefur nú öllum lóðum þar verið úthlutað sem og þeim tveimur sem standa við Reynihlíð.

Sveitarstjórn ákvað síðan nýverið að auglýsa eftir áhugasömum aðilum um uppbyggingu á landi Laxárhlíðar. Barst ein spennandi umsókn um lóðina og hafa viðræður við þá aðila þegar hafist. Verður fróðlegt að sjá hvert það samtal mun leiða okkur.

Nú hefur starfsemi Flúðaskóla færst í eðlilegt horf eftir að framkvæmdum á efri hæðinni lauk. Er óhætt að segja að vel hafi tekist til og sérstaklega er ánægjulegt að heyra starfsmenn hrósa góðri hljóðvist en það skiptir miklu máli í skólastarfi að hún sé eins góð og kostur er. Húsnæðið var til sýnis á degi íslenskrar tungu í nóvember en þá mætti fjöldi gesta í skólann, naut veitinga, skemmtilegrar dagskrár nemenda og skoðaði breytingarnar á efri hæðinni.

Um leið og ég þakka ykkur öllum einstaklega gott samstarf og ánægjulegar samverustundir á árinu sem senn er að líða óska ég ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Ég hlakka til fjölmargra skemmtilegra stunda á komandi ári, minnug þess að maður er manns gaman!

*Aldís Hafsteinsdóttir*  
Sveitarstjóri



## Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf  
Beðahreinsun - Garðsláttur  
Garðaúðun - Trjáklippingar  
Gróðursetning trjáplanta  
Ráðgjöf um hönnun garða  
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

**Erla Björg Arnardóttir**  
*Garðyrkjufæðingur*

Sími 858 3399  
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

### Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin  
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal  
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til  
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf  
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni  
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,  
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



## Sundlaugin á Flúðum

**Vetraropnun**

**16. ágúst - 31. maí**

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga  
kl. 16:00 - 20:30

Einnig opið mánu- og fimmtudaga frá  
kl. 06:00 - 09:00 (að öðru leyti lokað á  
fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga  
kl. 13:00 - 18:00.

Árskort sem gilda í sundlauginna,  
íprótta- og tækjasalinn eru á mjög  
hagstæðu verði, aðeins 15.500 kr.  
Minum á að hjá flestum stéttar-  
félögum er hægt að sækja um styrk.

# Ungmennaráðin tóku þátt í Norrænu ungmennaráðstefnunni

Ungmennaráð Hrunamanna-  
hrepps og Ungmennaráð  
Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
tóku þátt í Norrænu ung-  
mennaráðstefnunni sem  
fram fór í Hörpu dagana  
24. og 25. nóvember sl.



Ráðstefnan er hluti af verk-  
efninu Nordic youth month,  
sem er formennskuverkefni

Íslands í Norrænu ráðherranefndinni í ár og fer Samfés (Landssamtök félags-  
miðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi) með verkefnastjórn í því verkefni.

Leiðtogafundur ungs fólks er öflugur samráðs- og samtalsvettvangur barna  
og ungmenna um málefni er varða þau sjálf. Meginmarkmið fundarins var  
að gefa börnum og ungmennum tækifæri til þess að hittast, ræða saman og  
mynda aðgerðir í þeirra málefnum sem afhentar verða Norrænu ráðherra-  
nefndinni ásamt ráðamönnum í hverju landi fyrir sig.

Við megum svo sannarlega vera stolt af öflugum talsmönnum ungmenna  
úr sveitarfélögum okkar. Sterk rödd ungmenna í málefnum er varðar þau  
sjálf skiptir mjög miklu máli. Sérstaklega ef markmiðið er að gæta hagsmuna  
barna og ungmenna til framtíðar. Því skiptir öllu máli að börn og ungmenni  
hafi tök á því að tjá skoðanir sínar á öllum stigum ákvörðunartöku um málefni  
barna og ungmenna.

Gerum gott starf í þágu barna og ungmenna enn betra!

*Fyrir hönd ungmennaráðs Hrunamannahrepps,  
Þórarinn Guðni Helgason,  
starfsmaður ráðsins*

# FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**  
- þú færð þitt



[botarettur.is](http://botarettur.is)



**HUGMYND**

## TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

**Högnastíg 14**  
**845 Flúðir**

**[flight@simnet.is](mailto:flight@simnet.is)**  
**Sími 699 0757**

  
**Fjallaraf**  
sími 662 0530

## Hjörleifur Ólafsson

*Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki*

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
[fossi@fossi.is](mailto:fossi@fossi.is)

## 10. bekkur í Flúðaskóla heimsótti samstarfsskóla í Danmörku

Árgangur 2008 sem nú er í 10. bekk í Flúðaskóla, heimsótti samstarfsskóla sinn í Holbæk nú á haustdögum.

Verkefnið *Slam*, hófst þar formlega með því að gera bæði ýmis verkefni sem snúa að

sjálfbærni og jafnframt að heimsækja hreinsistöð sem vinnur á svipaðan hátt og Seyruverkefnið á Flúðum.



Dagarnir í Holbæk þar sem íslensku og dönsku nemendurnir kynntust náið í gegnum ýmis verkefni og alls konar leiki og samveru, gáfu fyrirheit um að meðvitundin um sjálfbærni væri opin, norrænt samstarf og mikilvægi þess væri ljóst og að flest ungmenni þessara skóla væru meðvituð um að ábyrgð fyrir framtíðinni væri þeirra.

Nánari kynning á verkefninu *Slam* mun verða eftir áramót en hægt er að lesa um samstarfið við Seyruverkefnið inni á [www.seyra.is](http://www.seyra.is)

Seinni hluta ferðarinnar var dvalið í Kaupmannahöfn þar sem nemendur kynntu staði og byggingar sem þau höfðu kynnt sér náið áður en ferðalagið hófst og mun sú dvöl væntanlega verða nemendum algjörlega ógleymanleg um aldur og ævi.

### Myndasýning frá Danmerkurferð

Nemendur í 10. bekk Flúðaskóla bjóða öllum þeim sem áhuga hafa á, að koma og sjá ferðasögu þeirra frá Danmerkurferðinni í máli og myndum í Félagsheimili Hrunamanna, fimmtudaginn 7. desember kl. 17.00.

### Þakkir

Það er ákaflega þroskandi og gefandi fyrir nemendurna að standa sjálf að fjáröflun í svona mikilvægu verkefni eins og Danmerkurferð er. Þannig verða þau meðvituð um að svona ferðalag kostar pening og að þeirra framlag við fjáröflunina er því afar mikilvægt. Dósasöfnunin er þannig mikilvægur undir-

búningur og hvatning fyrir hópinn í heild sinni og er í raun fyrsta skref hópsins í sameiginlegu ferðalagi til Danmerkur. Jafnframt styrkir það félagsþroska þeirra þegar hópurinn hittist allur saman ásamt aðstandendum og telur og flokkar dósirnar. Það myndast oft gríðarlega skemmtileg stemning þegar allur hópurinn hittist og er að telja dósir. Stolt senda þau síðan dósirnar í endurvinnslu og njóta uppskerunnar í ríkum mæli í Danmörku.

10. bekkur í Flúðaskóla og aðstandendur þeirra vilja þakka fyrir allan þann stuðning sem þau hafa fengið í gegnum dósasöfnunina í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það er ómetanlegur stuðningur sem nemendur hafa svo sannarlega notið góðs af.

Af öllum ólöstuðum fær Eimskip sérstakar þakkir fyrir frábæran stuðning á flutningi á dósunum.

**Hlökkum til að sjá sem flesta á myndasýningunni,  
7. desember í Félagsheimili Hrunamanna kl. 17.00.**

*10. bekkur Flúðaskóla, Anna og Sigga Steina.*

*Fóttaðgerðastofa*  
**Öddu Siggu**  
*Miðfelli 2a*  
Tímappantanir í síma  
**867 6580**



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.  
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.  
**Vinsamlegast pantið tíma í  
síma 845 9816 (Halyna).**



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir  
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.  
**Gísli Laugum**  
*Sími 861 9682*



  
**Löggiltur rafverktaki  
/ bílaflutningur**  
**Axel**  
**Sími 860 7073**

# Tónleikar í Hrunakirkju 22. des.

Hinir vinsælu Vetrarsólstöðutónleikar Kirkjukórsins verða í Hrunakirkju 22. des. kl 20:00. Hugljúf lög í bland við ljóðalestur er gott innlegg í sálina rétt fyrir jól og til að fagna hækkandi sól. Sérstakur gestur í ár er Óskar Snorri Óskarsson.

Hlökkum til að fylla kirkjuna á styðsta sólargangi ársins.

Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna ásamt Eyrúnu Jónasdóttur organista.

## Áfram Hrunamenn!

Körfuknattleikslið Hrunamanna mætir ÍR föstudagskvöldið 5. janúar kl. 19:15 í Íþróttahúsinu á Flúðum.



Strákanir unnu glæsilegan sigur á Snæfelli í æsispennandi og skemmtilegum leik hér heima síðast svo nú er um að gera að fjölmenna á pallana.



### Frá Hótel Flúðum

Hótel Flúðir býður félögum í Félagi eldri Hrunamanna til aðventumáltíðar 20. desember kl. 16:00

Félagar eru beðnir að skrá sig hjá Stefáni í síma 861 8700, í síðasta lagi 15. desember.



**HOTEL**  
**FLÚÐIR**



# HRUNAPRESTAKALL



Kæru sveitungar.

Árlegir vetrarsólstöðutónleikar Kirkjukórs Hruna- og Hrepphólasókna verða í Hunakirkju **22. desember kl. 20**. Gestasöngvari á tónleikunum verður Óskar Snorri Óskarsson. Notaleg kvöldstund í anddyri jólanna. Aðgangur ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

## Helgihaldið um jól og áramót

Helgihaldið í kirkjunum okkar um jól og áramót verður sem hér segir:

### Aðfangadagur - 24. des.:

Jóla­kirkjuskóli fjölskyldunnar í Hrepphólakirkju kl. 11.

Guðsþjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 23.

### Jóladagur - 25. des.:

Hátíðarmessur: Stóra-Núpskirkja kl. 11 og Hrepphólakirkja kl. 13.

Ljósaguðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 22.

### Gamlársdagur - 31. des.:

Guðsþjónusta í Tungufellskirkju kl. 14.

Aftansöngur í Stóra-Núpskirkju kl. 16.

### Nýársmessa - 7. janúar:

Hrepphólakirkja kl. 11. Þjóðlegur hádegisverður á eftir.

Guð gefi gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Sjáumst í kirkjunni!

*Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur*



## Baggamunur

*Bókhalds- og skattþjónusta*

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035  
[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is) - [s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

# Byggðapróunarfulltrúi tekinn til starfa

Lína Björg Tryggvadóttir er nýráðinn byggðapróunarfulltrúi sveitarfélaganna fjögurra hér í Uppsveitunum. Hefur hún aðsetur í Aratungu í Reykholti.



Lína veitir ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnu- og byggðapróunar, vinnur að upplýsingaöflun og miðlun upplýsinga og að svæðisbundnum verkefnum á sviði byggðapróunar og atvinnuuppbyggingar. Auk þess kemur hún að ferðatengdum málum og málum tengdum fjölmenningu. Byggðapróunarfulltrúi sinnir einnig verkefnum í samráði við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og veitir hún því öllum sem til hennar leita upplýsingar um mögulega styrki úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands ásamt því að hún hefur góða þekkingu á styrkum-sóknum og styrkjum sem í boði eru á hverjum tíma.

Ef þið þurfið aðstoð eða upplýsingar varðandi styrki, frumkvöðlaaðstoð eða annað sem viðkemur fjármögnun verkefna eða þú þarft almennar upplýsingar eða aðstoð er varðar atvinnuþróunar- eða byggðapróunarverkefni þá hafið hikið ekki við að hafa samband.

[lina@sveitir.is](mailto:lina@sveitir.is) - Farsími: 859 7870 - Sími: 480 3009

Á [www.sveitir.is](http://www.sveitir.is) má finna upplýsingar um fjölbreytta þjónustu á svæðinu.

## Jólatrjáasala Björgunarfélagsins Eyvindar

Okkar árlega jólatrjáasala verður í húsnæði okkar að  
Smiðjustíg 8 á Flúðum 9. og 10. des.

### **Salan verður opin:**

Laugardaginn 9. des. kl. 13:00 til 18:00

Sunnudaginn 10. des. kl. 14:00 til 16:00

### **Allar helstu tegundir í boði.**

Hlökkum til að sjá ykkur, heitt á könnunni.

Með jólakveðju,  
Björgunarfélagið Eyvindur





# Jóla- og áramótakveðja

Sendum íbúum Hrunamannahrepps, sumarhúsaeygendum og öllum viðskiptavinum nær og fjær, hugheilar jóla- og nýárskveðjur með kærum þökkum fyrir ánægjulegt samstarf og skemmtilegar samverustundir á árinu sem er að líða.

*Sveitarstjórn og starfsfólk  
Hrunamannahrepps*



## LEIKFIMI FYRIR ÞIG

Opinn tími fyrir alla 60+ og aðra sem eru í endurhæfingu eða eru utan vinnumarkaðar. Tíminn er kl. 10 á mánudögum í Íþróttahúsinu á Flúðum.


Leiðbeinandi: Gunnar Gunnarsson, Íþróttá- og heilsufræðingur

## Verum sýnileg í skammdeginu

- Endurskinsmerki virka eins og blikkljós þegar ljós skín á þau
- Ökumenn sjá vegfarendur með endurskin a.m.k. 5x fyrr
- Því fyrr sem þú sést - því öruggari ertu

### Best er að staðsetja endurskin

- fremst á ermum
- hangandi meðfram hlöðum
- á sköm eða buxnaskálmum
- á bakpoka eða tösku



  
HEILSUEFLANDI  
Uppsveitir  
vettíðan fyrir alla



# Flugeldasala



## *Björgunarfélagsins Eyvindar*

### Verður í húsi félagsins:

fimmtudaginn 28. desember kl. 17:00-21:00

föstudaginn 29. desember kl. 17:00-21:00

laugardaginn 30. desember kl. 13:00-22:00

sunnudaginn 31. desember kl. 10:00-16:00

föstudaginn 5. janúar kl. 17:00-19:00

laugardaginn 6. janúar kl. 17:00-19:00

Einnig verðum við með netsölu fyrir flugelda á síðunni

<https://www.eyvindur.flugeldar.is> sem opnar 20. desember.

Okkar árlega flugeldasýning verður laugardaginn 6. janúar 2024

Hægt er að styrkja sýninguna á opnunartíma sölunnar

eða með því leggja inn á reikning Eyvindar.

Kt: 460100-2590 banki: 0325-26-2590 [bfeyvindur@simnet.is](mailto:bfeyvindur@simnet.is)

Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Með þökk fyrir stuðninginn á líðandi ári,

Björgunarfélagið Eyvindur